

## Skýrsla foreldrafélags Pálmholts 24 september 2020. Hvað var gert skólaárið 2019-2020

Vegna samkomutakmarkanna í covid-19 og aðstöðuleysis í leikskólanum viljum við ekki að boða til hefðbundins aðalfundar foreldragélagsins að sinni.

Okkur fynnst þó ekki rétt að senda ykkur reikning frá félaginu án þess að láta frá okkur örlitla skýrslu varðandi verk og stöðu foreldrafélagsins.

Þetta ár var mjög óvenjulegt vegna covid 19 og ekki var hægt að halda sömu plönnum og áður .

Foreldrafélagið sá um að kaupa möppur og taupoka fyrir öll börnin sem hófu skólagöngu í Pálmholti. Foreldrafélagið keypti sólarvörn og fatamerkipenna fyrir allar deildir leikskólans.

Foreldrafélagið keypti leiksýningar; Einar Áskell sem snillingurinn Bernt Ogordnik setti upp fyrir börnin og einnig kom Einar Mikael töframaður og galdraði okkur upp úr skónum!

Foreldrafélagið sér venjulega um að fjármagna jólasveina og gjafir frá þeim og bók varð fyrir valinu. Sveinarnir urðu fyrir þeirri ólukku að vera veðurtepptir þetta árið en Áslaug og Drífa tosuðu í nokkra spotta og fundu einn jólasvein innan fjölskyldunnar og búning í Tröllaborgum auk þess að Magni okkar Ásgeirsson sá um söng og undirspil.

Foreldrafélagið sér venjulega um árlega sveitarferð og fjármagnar þá rútuferð og nesti en vegna covid 19 þá var ferðin blásin af.

Inga Magga frá Dalvík kom til okkar og var með danskennslu 4 skipti.

Foreldrafélagið mælir með að hafa sama gjald í foreldrafélagið eins og verið hefur undanfarin ár eða 2.660 fyrir eitt barn og 3.910 fyrir systkini, en sú upphæð er rúkuð í heimabanka einu sinni á önn, eða í október og febrúar, Vegna þess að félagið hafði ekki greitt fyrir jólasvein og einnig að fyrirséð var að ekki yrði kostnaður vegna sveitaferðar var ekki sendur inn reikningur í febrúar sl. en vonandi verður ekkert sem stoppar okkur í vetur.

Skýrsla Gjaldkera: Eftir rúkkun seinasta haust var kominn 370 þúsund í kassann (svo laumast alltaf inn ein og ein greiðsla)

Í nóvember fengum við Berndt með brúðsýninguna Einar Áskell (85.000)

Í Desember keyptum við bækur í jólagjafir frá Forlaginu ehf. (53.900)

Í byrjun árs kom Ingunn Margrét með danskennslu (100.000)

Í júní kom Einar Mikael töframaður og hélt töfrásýningu (65.000)

Möppur (48.256)

Taupokar bæði síðasta haust og núna (28.635)

Staðan núna inn á reikningnum er 12.633 kr.

Foreldrafélagið er með facebook hóp sem heitir Pálmholt-Foreldrar sem foreldrum allra barna leikskólans er velkomið að senda beiðni um að vera með í. ☺

Í stjórn foreldrafélags eru nú:

Formaður: Guðrún Hrönn Guðmundsdóttir tekur við af Bjarney Óla Sveinsdóttur

Gjaldkeri: Thelma Rut Sólrúnardóttir

Elín Árnadóttir

Bergþóra Björk Guðmundsdóttir

Hildur Þóra Magnúsdóttir

Guðbjörg Þórarinsdóttir

Bryndís Hulda Ríkharðsdóttir  
Fulltrúi frá leikskólanum: Áslaug Magnúsdóttir

Ef einhverjir óska eftir vera með í stjórn foreldrafélagsins þá vinsamlega sendið póst á [sama@akmennt.is](mailto:sama@akmennt.is) og látið vita.